



Fundargerð

75. fundur menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
24. apríl 2026, kl. 10:00

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Gunnar Jón Ólafsson og Aðalheiður Hilmarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Guðlaug M. Lewis menningarfulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Nýr þjónustuvefur - staða á uppsetningu (2025040408)

Halldóra G. Jónsdóttir, sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, fór yfir stöðuna á vinnu og uppsetningu á nýjum þjónustuvef sveitarfélagsins, reykjanesbaer.is.

2. Hljómahöll - styrkir til viðburðahalds (2026040269)

Tómas Viktor Young framkvæmdastjóri Hljómahallar mætti á fundinn og fór yfir umsóknir sem bárust um styrki til viðburðahalds í Hljómahöll. Alls bárust 11 umsóknir og 10 hlutu styrk.

3. Listahátíð barna 2026 (2026040263)

Helga Þórsdóttir safnstjóri Listasafnsins mætti á fundinn og kynnti listahátíð barna sem fer fram í Listasafni Reykjanesbæjar, samhliða BAUN barna- og ungmennahátíð, 30. apríl til 10. maí 2026.

Menningar- og þjónusturáð og Listasafn Reykjanesbæjar hvetja alla bæjarbúa til að skoða sýninguna í Listasafninu.

4. 17. júní 2026 - ræðumaður og fánahyllir (2026030451)

Á fundi menningar- og þjónusturáðs 1. apríl 2026 var ráðinu falið að koma með tillögur að ræðumanni og fánahylli fyrir hátíðardagskrá 17. júní á næsta fundi sínum.

Nöfn fánahyllis og ræðumanns verða gefin upp síðar eins og vani er.

5. Ljósanótt 3.-6. september 2026 (2026040270)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi fór yfir stöðuna á undirbúningi fyrir Ljósanótt. Á næstu vikum verður leitað til fyrirtækja varðandi stuðning við hátíðina.

Menningar- og þjónusturáð hvetur fyrirtæki eindregið til þess að taka höndum saman og leggja sitt af mörkum.

6. Erindi um Skessuhelli (2026040067)

Menningar- og þjónusturáði hefur borist erindi frá íbúa þar sem lagt er til að bæta við trölly í Skessuhelli.

Menningar- og þjónusturáð tekur vel í erindið og verður það tekið til skoðunar. Ráðið tekur undir að það eru mörg tækifæri til þess að þróa Skessuhelli áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45.